

Ordbog over det norrøne prosasprog

Í Kaupmannahöfn er starfrækt orðabók um íslenskt fornmál, *Ordbog over det norrøne prosasprog* (ONP: onp.ku.dk). Sögu ONP má rekja allt aftur til fjórða áratugar síðustu aldar þegar ákveðið var að ráðast í orðabókavinnu sem hafði þann tilgang að bæta við og uppfæra fornmálsorðabækur frá 19. öld, ekki síst sígilda orðabók Fritzners (1886–1896) *Ordbog over det gamle norske sprog* sem enn er nokkuð útbreidd. Þótti eðlilegt að orðabókin yrði staðsett í Kaupmannahöfn, þar sem stærsta safn íslenskra miðaldahandrita var á þeim tíma og hún var formlega sett á laggirnar af Den Arnamagnæanske Kommission 1939 sem enn rekur orðabókarstarfið. Fljótt varð ljóst að verkefnið var mun viðameira en svo að það yrði eingöngu viðbót við eldri bækur því að útgáfum fornra texta hafði fjölgað mikið í millitíðinni og ýmislegt í eldri orðabókum orðið úrelt. Þannig var ákveðið að þetta yrði sérstök orðabók sem myndi ná yfir íslenskt lausamál frá elstu handritum um miðja tólftu öld og fram til 1540 þegar fyrsta bókin var prentuð á íslensku. Á elsta skeiði er vart aðgreinanlegur munur á íslensku og norsku og því tilheyra norskar heimildir einnig orðabókinni fram til um 1370 þegar tungurnar voru orðnar aðskildar.

Vinnan við orðabókina gekk hægt framan af, bæði voru ekki margir að störfum og enginn í fullri vinnu. Allt var auðvitað gert í höndum og fyrst um sinn fólst vinnan í því að safna dæmum úr textum og skrifa þau niður á seðla sem svo voru flokkaðir og raðað eftir föstum reglum. Ritsjórnarlegar ákvarðanir voru endurskoðaðar smám saman sem gerði það að verkum að margt þurfti að endurlesa eða endurvinna. Dæmasöfnunin teygði sig því yfir nokkra áratugi. Alla tíð var dæmum þó safnað á þann hátt að þau stæðu sem næst upphaflegri heimild, það er handritunum sjálfum. Leitast var við að taka dæmi úr fræðilegum heimildum með stafsetningu sem stendur handritunum nærri og ef fræðilegar útgáfur voru ekki fyrir hendi var farið í handritin sjálf. Öllum dæmum fylgja nákvæmar tilvísanir í heimildir þannig að notendur geti alltaf flett þeim upp í stærra samhengi. Upphaflega var gert ráð fyrir að orðabókin kæmi út á prenti og fyrstu bindin voru prentuð 1989–2004 en tæknin kallaði á breyttar áherslur og var þá ákveðið að færa ONP alfarið á netið.

Nú, rúmlega 20 árum eftir að hætt var við að prenta orðabókina, hefur mikið vatn runnið til sjávar. Vefur orðabókarinnar hefur tekið breytingum smám saman og mun halda áfram að gera það. Allt byggir þó á upprunalegum grunni. Hægt er að fletta upp orðum, þau eru skýrð á bæði dönsku og ensku, og dæmi um orðin flokkuð og raðað niður eftir merkingu og vísað til heimilda. Í útgefnu bindunum voru útvalin lýsandi dæmi prentuð til að skýra merkingu og merkingarmun einstakra orða en á vefnum var ákveðið að sýna öll dæmi sem safnað var fyrir hvert orð.

Vefútgáfa orðabókar gerir það að verkum að möguleikar á viðbótarupplýsingum, framsetningu og tengingum við aðra gagnagrunna eru nánast óendanlegir. Þegar forsíða orðabókarinnar er opnuð blasa við ýmsir möguleikar, orð dagsins er sýnt á áberandi stað og hægt að lesa meira um það en síðan eru fjölmargir leitarmöguleikar. Hægt er að leita beint eftir uppfleittorði en einnig hægt að leita eftir orðskýringum, handritum, útgáfum eða textadæmum svo eitthvað sé nefnt.

ONP: Ordbog over det norrøne prosasprog

Hjem Ord Info *Registre:* Håndskrifter Værker Bibliografi



er. '⟨...⟩'
P icha he
meðr
sitr 'e
tungunni sitt

Ordbog over det norrøne prosasprog (ONP) er en del af Den Arnemagnæanske håndskriftsamling på Institut for Nordiske Studier og Sprogvidenskab på Københavns Universitet. Ordbogen støttes gennem den Arnemagnæanske Kommission. Læs om ONPs trykte publikationer, ortografi, vejledning, forkortelser og symboler. **Dagens ord** præsenteres på Bluesky.

Redaktører: Aldís Sigurðardóttir; Alex Speed Kjeldsen; Bent Chr. Jacobsen; Christopher Sanders; Ellert Þór Jóhannsson; Eva Rode; Helle Degnbol; James E. Knirk; Johnny Lindholm; Maria Arvidsson; Pernille Ellyton; Sheryl McDonald; Simonetta Battista; Tarrin Wills; Þorbjörg Helgadóttir; Þórdís Edda Jóhannesdóttir.
Kontakt: onp@hum.ku.dk. Følg os på:  

Dagens ord :: nøkkurr *pron. indef.*
(1519)

Søg efter opslagsord:

Dette site henter information direkte fra ordbogens database. Der anvendes Unicode/UTF-8-kodning i al tekst. Det er hensigten at ordbogen skal indholde definitioner på både dansk og engelsk. Under redigeringsprocessen kan definitioner mangle ved visse ord, andre kan have en dansk eller engelsk definition, og atter andre kan have begge sprog, adskilt af en bjælke ||. Opslagsord markeret med **grønt** kan enten være færdigredigerede og forsynet med definition eller blot være struktureret uden definition (primært verber).

Ikoner:  Arkiverede version(er);  Send ONP

Brug felterne nedenfor til at søge i ONP, eller brug fanerne til at browse i ordbogen. Der er forskel på tegn med eller uden accent og på stort eller lille bogstav. Man kan benytte sig af wildcard, enten (understregning) for et enkelt tegn eller % for et enkelt eller flere. 'd' kan bruges for 'd/ð', 'ö' for 'ø', 'ø' for 'ø/ó/œ' og 'þ' kan indsættes ved [alt]-t. Man kan også bruge den tilsvarende moderne islandske stavemåde i de fleste tilfælde. Avanceret søgning findes under fanebladet [Ord](#).

Definitioner

Håndskrifter

Værker

Bibliografi

Citater

Forsíða ONP með orði dagsins og ýmsum leitarmöguleikum.

Flestir slá inn uppflettið og þá kemur niðurstaða sem við fyrstu sýn getur verið erfitt að henda reiður á því að sum orð eru útskýrð með fjölmörgum dæmum og merkingu þeirra skipt upp, oft í mikinn fjölda ólíkrar merkingar. Þetta hefur þó þann kost að ef notandi vill leita eftir sérstöku dæmi úr ákveðnum forntexta eru allar líkur á að dæmið, eða orðalag af sama meiði, sé að finna meðal skilgreininga.

Dæmigerð fletta er sýnd hér með orðinu *bók* sem hefur alls 412 dæmi.

1bók *sb. f.* [bókr/bókar; bókr]

excerperet citatsedler indtastede citater suppleret struktureret definitioner på dansk definitioner på engelsk

Artikel

Hele artiklen Struktur Citater efter håndskriftsdatering Citater efter kilde

Søg/filtrér 412 citater...

1) bog // book


| | |
|---|--------------------------------------|
| konvngv ... toc <u>bokina</u> þa ena dyro er hann hafþi haft i land. oc oll var gyllstofom ritin | Mork 388 ¹⁶ |
| rak byskop <u>hok</u> amedal herða mer | ÓTOddS 178 ²⁴ |
| þar skal biscup sia <u>hokr</u> þæira (<i>x presta</i>). oc allt æmbætti at fullu. at þæir mege uæita þionosto kuikum oc dauðum | EiðKrA 378 ¹⁶ |
| Ion gaf Guðmundi presti <u>hoc</u> , er gerssimi var i oc Pall biskup hafði gefit Ioni | Stu ¹ K 229 ¹⁹ |
| Enn þeir skiptu gripum ok <u>bókum</u> , enn vm laund varð ecki greitt | Stu ¹ K 550 ¹³ |
| lýkr hér nú sögu Qrvar-Odds eptir því sem «ek» hefi hana á <u>bókum</u> heyrtr | QruM 196 ¹⁴ |
| let hann vppsmida framkirkju aa Þyngeyrum. ok feck hann til skruda <u>beckr</u> ok klockur. ok kende morgum klerkum | AnnL 272 ¹⁶ |
| hælf færingr þæri i spialldum en spialldu lugg. þe allar da sœm sœringum | LiDial (1296) 172 |

Efst eru upplýsingar um orðflokk og beygingu, þá koma nokkrir flipar sem gefa valmöguleika um

framsetningu. Hægt er að velja t.d. „struktur“ og fá skilgreiningar orðsins án nokkurra textadæma, raða dæmunum eftir heimildum eða aldri. Einnig er leitarreitur þar sem er til dæmis hægt að leita eftir öðru orði í dæmunum eða eftir ákveðnu verki. Annars koma öll dæmin flokkuð og númeruð eftir merkingu.

Ef ákveðið dæmi er valið sprettur fram annar gluggi þar sem orðið er sýnt í samhengi við útgáfuna sem dæmið kemur úr og hægt að lesa það í stærra samhengi, fá upplýsingar um útgáfu og handrit, og sjá seðilinn sem dæmið var upphaflega skrifað á.

orð sb. n.
ÞorvÓT¹ 290¹³
AM 61 fol (c1350-1375) 28vb-31ra ONP Reader
— Þorvalds þátr víðfjara
(Ólafur Halldórsson 1958 [EA A 1], 280-300^{2a})
1) orð (í sammenheng), udsagn, ytring, udtalelse, tale
Friðgerðr svaraði orþum [var. ræðu AM 54 fol “C¹”, etc.]
Þorvalldz fa ok þo illa



ms. billeder (sprogsamlinger.ku.dk): 28r-31v

290

sa þetta hit haleita stortakn. Penna at burð segir Gunnlaugr munkr. at hann heyrði segja sam orðan mann Gylm Þorgíls s(on). en Glumr hafði nvmíð at þeim manni er het Arnor ok var Arnðisar s(on). s Olafur at Hauks gili gerði síðan kirkia a bæ sínum. en Þorvalldr fekk honum viðinn til.

134. (Þ)Eir biskup ok Þorvalldr lógðu a alla stund með hinn e mesta kostgjæfi at leiða sem flesta menn ouði til handa. eigi at 207 eíns þar inastum suetum. heldr foro þeir víða vm Island at boða orð ouða. þeir komo nestr i Hvamm i Breiða f(íar)bar) dólum vm a alþingi. Þorarinr bondi var eigi heíma. en Friðgerðr husfreyia d(ottir) Þordar fra Hófa tok vel við þeim ifyrstu. Þorvalldr taldi þar tru fyrir mómnum. en Friðgerðr blotaði meðan inni. ok heyrði 12 huart þeira anars orð. Friðgerðr svar(aði) orþum Þorvalldz fa ok þo illa. en Skeggi s(on) þeira Þorarinr hafði i spotti orð Þorvalldz. Þar vm orti Þorvalldr visu þessa. 15

108 For ek með dom en dyra. drengr hlyddi mer engi. gatunm hrings fra hreyti. hroðr varliga goðan.

24 hinar] inar C^{1D}. a] af D^{1,2}. ouða] þeir D². || 1 hit] it C^{1D}; id mikla ok id C². 1-5 Penna—till] ð D^{1,2}. 1 Gunnlaugr] gundlaugr C². 2 segia] ð C². 3 at] af C². þeim] ð C². het Arnor] owe. C^{2,3}. var] + kalladr C^{2,3}. son] so (1) C². 4 gjordi C². 4-5 fekk honum] gaf C². 6 ilde ngt koptilr C^{2D}; koptilr- ceerakr/ft af þorvalldi ok friðreki biskupi D². 6-10 ÞEir—þessa] ÞEir þorvalldr ok biskupr fero víða vm Island ok kostgjæfr mlog at komu við kristni (kristin- D²) domnum. þeir fero vm vestfirðinga fíorðvng (.f. D²). þeir komo (kunnu D²) i hvam. þar hio þa þorarinr naf son þordar gellis. hann atti frid gerdi d. hófða þordar. bondi var eigi heíma. en husfreyia tok vel við gestum i fyrstu. Þorvalldr taldi trv fyrir hanne en hon blotadi i moti. skeggi (skeggr D²) a þeirra hafði hvervetna (husstætna D²) i spotti þat er þorvalldz (1; þorv' D²) taladi. þa q. (orti D²) þorvalldr (+visu D²) D^{1,2}. 6 hinu] inv C². 6-7 hinu mesta] hinu mestv C². 8 Island] landit C². 9 dólum] dali voru þar C^{1,2}. 10 husfreyia C². 11 Þordar] + gellis C^{2,3}. uel] efter þeim C^{2,3}. 13 huort C^{1,2}. orð] + en vertikal atrey, som om sbriveren var begyndt at skrive l. k. el. lign. C². svaraði C². orþum] ræðu C^{2,3}. 14 son] söl. C^{2,3}. þeira] ð C². orð] ð þeirra C². 15-291,4 Þar—stalli] ð C². 16 dom] oð C². en] inn D². hin D². 18 gatunm] gatunm C^{1D}. hrings fra] hól af D^{1,2}. 18-19 hrings—goðan] fra hvern hlautans (1) C². 19 hroðr—goðan] hlavttins

Undir flettunni er einnig tenging í myndir á handritið sem orðið kemur úr og hægt að smella á þær. Hér má einnig sjá dæmigerðar viðbótaupplýsingar sem fylgja mörgum flettum í ONP en það eru lesbrigði. Í fræðilegum útgáfum miðaldtexta er þess oft getið neðanmáls ef önnur handrit sama texta hafa annað orðalag en megintexti. Slík lesbrigði eru gefin með uppflettiorðum í hornklofa með var. (fyrir ,variant') fyrir framan, eins og orðið *ræða* hér að ofan sem lesbrigði við *orð*. Lesbrigðin eru gagnleg því að þau geta víkkað merkingu dæmana og jafnvel skýrt betur erfið dæmi.

Annað dæmi um viðbótarupplýsingar sem fylgja mörgum dæmunum eru erlendar hliðstæður. Mikið af lærðum verkum á norrænu eru þýdd eða endursamin úr latínu og hliðstæður úr fyrirmyndunum eru skráðar í orðabókina þegar það er unnt. Sem dæmi má nefna íslensku biblíutextana sem eru varðveittir undir heitinu *Stjórn* og eiga sér jafnan fyrirmyndir úr Vúlgötugerð Biblíunnar. Þar sem því er komið við eru færðar inn tilvísanir í viðkomandi latínutexta úr Vúlgötu eins og sjá má hér af upphafi Jóhannesarguðspjalls:

orð sb. n.

Stj¹ 4²⁴

AM 226 fol
(c1360-1370) 1ra-61vb
— Stjórn

(Unger 1862, 1-299)

6) (om Jesus)

●●● i upphafi uar ord

~ lat. In principio erat Verbum *Vulg Jhs 1,1*

4 Inledning. Cap. 1.

ef sua kann til bera at þessi falleriz lettliga¹ fyrir þeim sem með meira sannleik hefir greindr uerit ok gefinn, ok vilium uer sua uikia ok uenda skriptarinnar ok sannleiksins orskurd eptir uarum skilningi. þar sem uer skyldum helldr uarum orskurd ok skilningi eptir ritningarinnar orskurd uilia uikia. Er þess ok uissulig uán at þeir menn sem fákunnigir ero til bókrinnar faai eigi skilit mörg ord myrk ok diupsett sem Moyses hefir sett i sina bok genesim. ok enn fleiri adrar sinar bekr. þar² sem fyrr nefndr Augustinus segiz [marga uegha³ orskurði af þeim ut hafa gefit i sinni bok sem synaz mas eigi diarfliga eðr miok huatskeytliga nockurn einn af þeim mörgum stöðum sannligstan domandi. at hann gori eigi annars manz skyringu eðr orskurdi [nokkut preiudicium.⁴ miok til þess at huerr sem einn taki þann helz ok ueli sem hann uil ok honum uerdr uidrtækiligzr eptir sinum skilningi ok skyneymar maneri. Enn þar sem madr kemr eigi sinum skilningi til. þa ueiti hann 'gudligri skript heidr ok sömd enn otta sealfum ser.

Her til kemr þat er nefndr Augustinus byskup segir. at sua sem almatligr gud faðir allra luta skapari sagði. Verdi lios. ok enn lifu sidarr. at sealfr hann kalladi liosit dag enn myrk nattina. ok enn þar meðr fleiri sealfs hans ord⁵ i heimans skapan. þa taladi hann eigi upp aa obresku girzku eðr látinu eðr nöckura adra likamliga eðr ueralldliga tungu. helldr taladi hann þat allt meðr þi sama usundrskiptiliga ordi ok sameiginliga eyliu sealfum ser. sem hinn heilagi Jon postoli segir i sinu guðspialli. at i upphafi uar ord. ok at fyrir þat sama ord urðu allir lutir. Nu þar sem allir lutir uurðu fyrir þetta⁶ guds ord. þa er auðsynt at liosit vard ok fyrir þetta sama guds ord. þat er fyrir eingetinn gud sun. þetta sama ord uar ok upphof i huerru ok fyrir huat er gud skapadi allan heiminn. þat er himininn ok himinriki meðr öllu þi sem hann hefir innan sik. ok þar meðr allt iardriki. Ef hann hefði meðr þilikum ordum talat sem uer tölum. meðr huerru tungunni taladi hann at þi. þar sem engin var þa enn skapat.⁷ Eðr til hvers þarfti þa⁸ þess háttar umliðandi liöðan eðr málsgrein. þar sem eigi beid þa enn nöckurs likamligs heyrn eðr eyru til at heyra þar upp aa. Reinn⁹ ok skægr skilningr utan alla ruglan ok háreysti ok tungnanna ymissleik er meðr gudi fedr sua sem tal ok [tungna grein.¹⁰ En þar sem sua er til ordz tekitt at hann

¹) rettlezka. B ²) bur. B ³) Inerzfallde. B ⁴) leud. B: af þeim vi hafa

Fleiri gagnlegar viðbætur við vefsíðuna má nefna. Þegar orðum er flett upp í ONP má til að mynda finna í botni flettunnar tengla í aðrar orðabækur og gagnasöfn á borð við málið.is, Íslensk-danska orðabók Sigfúsar Blöndals, fornmálsorðabók Fritzners, orðabók Cleasbys og Guðbrands Vigfússonar (1874) en hér má sjá dæmi um flettu þar sem notandi hefur valið að sjá tengingu við bók Blöndals:

Eksterne (ikke-ONP) ressourcer:

🔍 Søg ord i andre korpusser

🔍 Fritzners ordbog

🔍 Fritzner 4

🔍 Cleasby/Zoega

🔍 Blöndal

🔍 málið.is

🔍 DSL

🔍 LP

🔍 Hertzberg

🔍 LMNL

Sigfús Blöndal: Íslensk-dönsk orðabók

Fra API'en på blondal.arnastofnun.is — søger **eldur**.

Søgningen kan ikke altid skelne mellem homografer og ordklasser.

eldur (-s, -ar) m.. — *1. a. Ild: *leggja eld í*, antænde, stikke Ild paa; (Talem.) *sitja við þann eldinn, sem best brennur*, holde sig til det, som man kan vente at have mest Fordel af; (Ordspr.) *sá er eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur*, den Ild er varmest, som brænder en selv. **b.** i overf. Bet.: **Fjendskab, Ufred**: *það er eilífur e. milli þeirra út af kosningum í fyrri*. **c.** i forsk. Udtryk med mere el. mindre overf.

eldur (-s, -ar) [elːdʊʊ, elː(t)s, elːdaʝ] m. 1. a. Ild: *leggja eld í*, antænde, stikke Ild paa; (Talem.) *sitja við þann eldinn, sem best brennur*, holde sig til det, som man kan vente at have mest Fordel af; (Ordspr.) *sá er eldurinn heitastur, er á sjálfum brennur*, den Ild er varmest, som brænder en selv. — **b.** i overf. Bet.: Fjendskab, Ufred: *það er eilífur e. milli þeirra út af kosningunum í fyrri*. — **c.** i forsk. Udtryk med mere el. mindre overf. Bet.: *álit fagmanna . . . er e. í þeirra beinum* (er Ild i deres Ben, ɔ: de kan ikke udholde at høre Fagfolks Mening) (Alp. '11, B. II. 323); *milli tveggja elda*, mellem dobbelt Ild: *tillagan er eins og milli tveggja elda* (Alp. '11, B. II. 781). — *d. i Forb. med Benævnelser paa Hav el. Vand: *e. /Egis, e. flóðs* osv. = Guld. — 2. spec. (is. med art.) Ilden paa Arnen: *fela eldinn*, tildække Ilden paa Arnen med Aske og Törv, og lade den ulme Natten over. — 3. (*eldsuppkoma, eldsvoði*) Udbrud af Ild, Ildebrand: *það var e. uppi í Vesturbænum í nótt*. — 4. (*eldgos*) vulkansk Uábrud: *e. í Heklu, Skaftáreldar*.

Einnig er þar að finna önnur rafræn söfn sem eru sístækknadi eins og MENOTA, rafrænt safn norrænna miðaldatexta, og *Skaldic Poetry of the Scandinavian Middle Ages*, gagnasafn um fornnorrænan kveðskap. Ef flett er í *Skaldic* kemur langur listi af dæmum sem hafa orðið ásamt tenglum í upprunalegt samhengi.

Að lokum skal hér nefna tiltölulega nýlega viðbót við orðabókina sem er lestrarhamur sem hefur slegið í gegn, svokallaður „ONP reader“. Með honum er hægt að lesa textaútgáfur sem hafa verið skannaðar inn með öllum þeim orðum sem skýrð hafa verið á viðkomandi blaðsíðu til hliðar. Þetta er ekki síst gagnlegt fyrir þá sem eru óvanir að lesa fræðilegar textaútgáfur og nemendur sem eru að læra forníslensku. Dæmi um þennan lesham má sjá hér við síðu úr *Gísla sögu*.

þæ er hann matte honum veita, ok þat þiggr Gisli, ok er þar sidan um kyrt nœkura stund.

25. Gisli var i Hergilsey.

Med Ingiallde var þræll ok ambatt; þrællinn het Svartr, enn
 5 ambattin het Bothilldr. Helgi het son Ingiallds ok var afglapi,
 sem mestr matte vera, ok fífl, honum var su umbud veitt, at
 p. 47 raufarsteinn var bundinn vid halsinn, ok beit hann || gras ute
 sem fenadr, ok er kalladr ingjaldsfífl: hann var mikill vegste,
 nær sem traull. Gisli er þar þann vetr, ok smidar skip Ingialdi
 10 ok marga hlute adra. Enn allt þat, sem hann smidadi, þæ var
 þat audkennt, því at hann var hagare enn flestir menn adrir.
 Menn unndruduzt, því þat var svo vel smidad margt, sem Ingialdr
 atte, því at hann var ecke hagr. Gisli er avallt a sumrum i
 Geirþiofsfirde; ferr nu svo fram ui vetr, fra því er hann hafde
 15 dreynt, ok verdr honum þetta at mestu trauste, er Ingialldr veitir
 honum. Þickir monnum nu grunsamligt um þetta allt iafnsaman,
 ok hyggia nu, at Gisli muni lifa ok hafa verit med Ingialdi, enn
 eigi drucknadr, sem sagt hafde verit. Leggia menn nu rædu a,
 np.ku.dk/onp/onp.php?c6082 a nu þriu skip ok aull vel giðrr. Kemr þesse kvittr

4 þræll = þræll sb. m. (167): 1) træl, slave, tjener

4 ambatt = ambatt sb. f. (98): 1) trælkvinde, slavinde, tjenestekvinde // slave-woman, serving woman

4 var. þý = þý sb. f. (8): træl(kvinde), slavinde

5 afglapi = afglapi sb. m. (24): tåbe, tosse, idiot // fool, halfwit, idiot

6 fífl = fífl sb. n. (28): tåbe, tosse, idiot // fool, halfwit, idiot → • fífl ok/... afglapi

6 umbud = umbúð sb. f. (40)

7 = raufarsteinn sb. m. (1)

7 gras = gras sb. n. (165): 1) (item pl. grøs; item coll.) græs, urter, bevoksning, plante // (item pl. grøs; item coll.) grass, vegetation, herbage, plant

7 beit = bita vb. (293): 3) [e-t] [af!] græsse, afgræsse, æde (græs, etc.) // graze, crop (meadow, etc.), eat, feed on (grass, etc.)

8 ingjaldsfífl = ingjaldsfífl sb. n. (1)

8 fífl = fífl sb. n. (28):

9 smidar = smíða vb. (118): [e-t/e-n] [ór e-u] [i sér] [e-m/sér] [til e-s]

9 nær = nær adv. (818): 10) næsten, så godt som, nær ved, knap, nærmest → 10) • nær

Orðabókin er enn verk í vinnslu. Hingað til hefur öllum ósamsettum nafnorðum verið ritstýrt en enskar skýringar vantar þó á nokkurn hluta þeirra og sama má segja um fornöfn, forsetningar og samtengingar. Sagnorðin eru langt komin en unnið er að þeim um þessar mundir og þá eru öll samsett nafnorð enn óritstýrð. Enn á einnig eftir að koma í ljós hvernig nýjustu vendingar í tækni og gervigreind munu hafa áhrif á þróun orðabókarinnar en markmið hennar verður áfram sem endranær að auðvelda notendum hennar skilning á norrænum miðaldatextum og opna aðgengi að þeim.